

Ed.

62. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastjóld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til með frumvarpi þessu, að framlengd verði heimild sú, sem nú gildir samkvæmt lögum nr. 94 1946 til að innheimta ýmis gjöld með viðauka.